

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 23.11.2023

Verkefnaráð	1
Hvirfill – Fasi 2.....	2
Fotostation – innleiðing og innviðaupbygging (Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar.....	4
Hverfasjá – fasi 2.....	6
Annað	9

Verkefnaráðsfundur 23.11.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 23.11.2023
Dagsetning 23.11.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þóll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Bára O'Brien Ragnhildardóttir, Ásgrímur Sigurðsson, Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir, Kristjana Nanna Jónsdóttir, Bryndís Eir Kristinsdóttir og Páll Hilmarsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir og Bára O'Brien Ragnhildardóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 23.nóvember 2023, kl. 10:00 – 11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 – 10:05 Samstilling
10:05 – 10:15 Hvirfill – Fasi 2 : Ásgrímur Sigurðs
10:15 – 10:20 Umræður
10:20 – 10:30 Fotostation – Forgreinng : Ingibjörg Þóra og Kristjana Nanna
10:30 – 10:35 Umræður
10:35 – 10:45 Hverfasjá – fasi 2, breyting á umfangi : Bryndís Eir
10:45 – 10:50 Umræður
10:50 – 11:00 Önnur mál – Myndavélaeftirlit í RVK og Framtíð Azure fasi 2
11:00 – Fundi slitið

Hvirfill – Fasi 2

Hvirfill er sameiginlegt viðburðardagatal fyrir borgarbúa og eru birtir þar mörg þúsund viðburði á ári. Við burðirnir eru sóttir í gagnagrunn og birtast þeir á mismunandi vefsvæðum borgarinnar.

Endurbættur Hvirfill er meira í takt við síauknar kröfur samtímans og býður upp á betri birtingamöguleika í framenda, hefur áhrif á vef- og ímyndarverkefni borgarinnar sem snýr að aðgengileika, sýnileika og samfélagslegri þátttöku. Ásamt því að fyrirhugaðar breytingar á Hvirfli ættu að stuðla að miklum tímasparnaði starfsfólks í utanumhaldi kerfisins.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Vinnustofu með hagaðilum
- Uppfærsla og betrubætur á kerfi
- Uppfærsla á hýsingu kerfis
- Betrubætur á veflægrri birtingu
- Rýni á því sem eftir stendur samkvæmt verkefnalista

Með verkefninu á m.a að:

- Gera lagfæringar á því sem eftir stendur úr fasa 1 og með því spara tíma í utanumhaldi og betra aðgengi notanda.

Ávinningur/ábat:

- Mikill tímasparnaður fyrir starfsfólk
- Einfaldar og tryggir betur öryggi kerfis
- Skýrara viðmót fyrir notendur
- Betri birting fyrir borgarbúa

Tímarammi: 8 mánuðir: janúar – ágúst 2024

Áætlaður kostnaður verkefnis: 10 m.kr

Óskað er eftir:

- 10 m.kr
- Verkefnastjóra

Tegund verkefnis:

Vefverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 27.11.2023: 4 3 1 4 5 2 2,67

Ódagsett skor verkefnaráðs: 3 3 1 4 5 3 2,53

Umræður og spurningar verkefnaráðs:

Spurt var úti ábatamat, þ.e hvort skoðað hafi verið hve mikill sparnaður verður eftir breytingarnar, þ.e í tíma. Ekki búið að skoða það en verður farið í að finna útúr því.

Mikilvægt að búa til API sem við gætum birt fyrir Hvirfil og birt á öðrum síðum, með því erum við að þjóna lýðræðislegum gildum einnig. Mælt með að bæta því inní umfang verkefnisins og það talið raunhæft.

Þannig verðum við komin á ásættanlegan stað, því þá getur í raun hver sem er smíðað á móti lausninni. Þar sem tæknilegar kröfur þróast mjög hratt er talið nauðsynlegt að fara í fasa 2. Með því skapast ákveðinn arður þar sem fleiri nota kerfið og eins jafnræði fyrir minni aðila og stærri eins og t.d Listasafnið.

Velt var upp þeirri spurning hvort skoðað hefði verið að kaupa tilbúna lausn í stað þess að þróa þessa áfram og var svarið að keyptar lausnir eru læstar og lokaðar svo betra er að þróa þessa lausn áfram í stað kaupa á nýrri.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið er samþykkt, frábærar hugmyndir um ennþá meiri betrubætur.

Leggjum til að umfangið sé stækkað, þ.e að bæta API við og það fylgir fjármagninu, 10 m.kr.

Gera ábatamat, þ.e hvað erum við að spara með því að fara í þetta verkefni. T.d í klukkustundum, dögum. Sjáum þannig skýrt hve langan tíma tekur að borga upp fjárfestinguna.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni er samþykkt
2	Bæta API með inni verkefnið
3	Gera ábatamat og skila til verkefnaráðs (verkefnaskráarstjóra)

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Fotostation – innleiðing og innviðaupbygging (Umsýsla myndefnis og stafrænnar miðlunar)

Fotoware er stafrænt gagnasafn fyrir ljósmyndir, myndbönd, teikningar og hljóðupptök. Gögnin eru skilaskyld og þurfa því að vera í umsýslu sérfræðinga.

Með verkefninu verður notkun kerfisins samræmd, kerfið sett í reglubundinn rekstur, ferlar innan kerfisins verða skilvirkari. Það leiðir til þess að gögnin verða aðgengilegri fyrir borgarbúa.

Einnig verður reikningshald á einum skilvirkum stað.

Búið er að gera:

- Áskorunarrammi
- Greining á myndum í kerfinu
- Grunnvinna við tæknilegt áhættumat
- Vinna að MÁP og vinnsluskrá
- Kostnaðaráætlun
- Jafnréttisskimun
- Vinna hafin að greiningu á notkun lýsigagna í kerfinu

Með verkefninu á m.a að:

- Verkefnið kemur notendum Fotoware undir einn hatt.

- Með betri yfirsýn, miðlægri vistun og góðri skráningu verður auðveldara fyrir borgarbúann að nálgast gögnin. Aðilar líkt og arkitektar, foreldrar, fasteignaeigendur og áhugafólk um sögu borgarinnar um hafa ávinning á þessu verkefni.
- Langtíma varðveisla kerfisins mun varðveita sögu borgarinnar.
- Verkefnið minnkar kostnað við að allir notendur hafi beint samband við þjónustuaðilann. Miðlæg þjónusta innan borgarinnar er mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar.

Ávinningur/ábatí:

- Minni kostnaður
- Betri og staðlaðri notkun á kerfinu
- Ánægðari notendur
- Auðveldari leit fyrir borgarbúa
- Örugg hýsing og notkun kerfisins
- Fækkað verður Fotostation leyfum um 10.
- Miðlæg þjónusta minnkar ásókn í þjónustu Þekkingar sem Reykjavíkurborg greiðir fyrir
- Minna vistað gagnamagn á drifum borgarinnar
- Betri yfirsýn yfir kostnað
- Aukið aðgengi að stafrænu myndefni borgarinnar
- Tryggð langtíma varðveisla

Næstu skref

- Fundur með hagsmunaaðilum
- Gerð handbókar og verklagsreglna
- Nýr þjónn settur upp
- Tilkynning kerfis
- PR herferð
- Innleiðing á öðrum sviðum
- Samþættingar
- Skil á kerfi
- Hönnun gjaldskrár til notenda

Tímarammi: 15 mánuðir

Áætlaður kostnaður rúmar 23 m.kr.

Óskað er eftir:

- Verkefnastjóra í 80% starf á meðan innleiðingu stendur
- Vörustjóra í 10% starfshlutfall
- Fjármagni: rúmar 23 m.kr.

Tegund verkefnis: Forgreining – upplýsinga og skjalastýring

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 27.11.2023: 5 5 5 4 5 3 4,80

Umræður og spurningar verkefnaráðs:

Verkefnið snýst um innleiðingu og umsjón, verkefnastjóri keyrir verkefnið áfram og rekstur verður áfram hjá UTR. Gögn þvert á borgina verða greind.

Helsta áskorun sem staðið er frammi fyrir í dag er sú að notandi hringir beint í Þekkingu (þjónustuaðilann) og þjónustuaðilinn rukkar borgina fyrir þá þjónustu.

Farið var í verðfyrirspurn í sumar þar sem núverandi þjónustusamningur rann út árið 2019, aðeins var einn aðili, Þekking, sem bauð og er þjónustuaðili í dag. Það hefur enginn átt formlegt eignarhald á verkefninu hingað til og því enginn að þjónusta innanhúss. Í dag er ekki verið að fullnýta kerfið og það sem það hefur uppá að bjóða.

Þegar verkefninu lýkur kemur til rekstrarkostnaður og á eftir að reikna það út. En mögulega mun kostnaður fara niður um 20-30% miðað við kostnað í dag.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt

Þörf er á því að gera ábatamat, þ.e hvað erum við að spara með því að fara í þetta verkefni. T.d í klukkustundum, dögum. Sjáum þannig skýrt hve langan tíma tekur að borga upp fjárfestinguna.

Talið er að þörf á fjármagni sé meiri og samþykkir verkefnaráð fjármagn uppá 30 m.kr.

Rök fyrir því er að aðkeypt þjónusta er stærsti óvissuþátturinn, einnig þarf að kaupa nýjan netþjón.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið er samþykkt
2	Gerð ábatamats sem skila skal til verkefnaráðs (verkefnaskráarstjóra)

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og vörustjóra verkefnisins	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra upplýsinga- og skjalastýringar	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Hverfasjá – fasi 2

Hér er um að ræða hverfasjá og smíði LUKR (landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar) millilags í vöruhús gagna.

Hverfasjá er vefsíða sem veitir grunnupplýsingar um hverfisskipulag í þeim hverfum sem hverfisskipulag hefur tekið gildi. Þar finna íbúar upplýsingar um alla þætti hverfisskipulagsins.

Hverfasjá einfaldar ferlið vegna breytinga á húsum, en þar má finna:

- skilmála sem gilda um fasteignina þína
- leiðbeiningar um útfærslur á breytingum
- umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum

Gríðarlegur ávinningur fæst í því að smíða millilag úr LUKR gögnum í vöruhús gagna.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Alla forgreiningu með þjónustuhönnuði, þar með talið notandaviðtöl
- Hönnunarprótótypu
- Lausn og millilag tilbúið í þróun

Með verkefninu á m.a að: Verkefninu Hverfasjá er ætlað að bæta aðgengi að upplýsingum og einfalda málsmeðferð umsókna vegna byggingar- og skipulagsmála. Hverfasjái veitir grunnupplýsingar um hverfsskipulag í þeim hverfum sem hverfisskipulag hefur tekið gildi. Þar á að vera hægt að finna upplýsingar um alla þætti hverfisskipulagsins; forsendur og greiningar á hverfum, stefna og helstu áherslur, skipulagsskilmálar og leiðbeiningar um hvernig á að útfæra skilmála.

Einnig eru upplýsingar um hvernig eigi að sækja um leyfi til framkvæmda, en eitt af markmiðum hverfasjá er að hún geti auðveldað íbúum að gera breytingar á og viðbætur á eignum sínum og fá upplýsingar um hvaða möguleikar eru í boði.

Hverfasjá er einnig afar mikilvæg í ljósi fyrrnefndra skipulagslaga.

LUKR er einstakur gagnagrunnur á heimsvísu, en þegar kemur að birtingu þá vantar millilag til þess að strúktúra gögnin. LUKR er stillt þannig að þar eru töflur og bíður bara upp á eitt gildi í töflunin. Sem þýðir að þegar starfsfólk Reykjavíkur vill birta gögn getur það einungis birt einn hlekk / eða eina mynd með, til dæmis.

Forritarar og/eða aðrir sérfræðingar hafa því þurft að smíða vefþjónustur í hvert skipti sem þau vilja birta gögn á einfaldan hátt. Ef millilag er til þá heyr þessi vandamál sögunni til. Hægt er að veita forriturum/sérfræðingum aðgang að millilagini og það þarf því ekki að smíða vefþjónustur í hvert einasta skipti sem óskað er eftir að birta gögn á korti. Tímasparnaðurinn er gífurlegur.

Ef eitthvað breytist – t.d. póstnúmer eða hverfaskipulag þá væri hægt að breyta því á einum miðlægum stað (millilagini) og óþarfi að breyta á mismunandi stöðum og vinnan við að fylgjast með og viðhalda er úr sögunni hjá sérfræðingum/forriturum. Hættan eins og er þegar starfsmenn hætta störfum verður einnig úr sögunni.

Ávinningur/ábat:

- Skapar verðmæti fyrir húseigendur með einfaldari upplýsingagjöf og aukin þægindi – umhverfislegur ávinningur við fækkun þeirra íbúa sem gera sér ferð til að fá upplýsingar.
- Minnkar álag á þjónustuver og starfsfólk Reykjavíkur

- Tímasparnaður hjá forriturum, gagnasérfræðingum sem og öðrum sérfræðingum innan borgarinnar sem vilja birta gögn úr LUKR á sem einfaldastan og skilvirkan hátt fyrir notendur.
- Álagssparnaður hjá forriturum, gagnasérfræðingum sem og öðrum sérfræðingum.
- Launasparnaður til framtíðar í beinhörðum peningum
- Innviðir. Vel strúktúruð gögn tryggja áreiðanleika og bjóða upp á ótal möguleika í framtíðinni.

Tímarammi: 12 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 66 m.kr

Óskað er eftir:

- 66m.kr
 - fyrir millilag og hverfasjá
 - Heimild til að kaupa þjónustu af gagnaverkfræðing í gegnum DPS
 - Framleiðandi, vörustjóri, forritarar, hönnuður, textasmiður, lögfræðingur

Tegund verkefnis:

Umbreytingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 27.11.2023: 5 4 5 4 5 3 4,53

Eldra skor verkefnaráðs dags: ódagsett: 5 4 2 5 5 4 3,67

Hækkar aðallega vegna lagalegra krafna.

Umræður og spurningar verkefnaráðs:

Í dag er ekki hægt að sjá hönnunina á millilaginu þar sem hún er ekki tilbúin, en hægt er að sjá hönnun á hverfasjánni. Ekki er búið að ákveða í hverju lausnin verður smíðuð en tekið fram að þetta er ekki webmethods verkefni.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Gera skal kostnaðaráætlun varðandi skiptingu fjármagns, þ.e annarsvegar á millilaginu sem verður hluti af gagnapakkanum og Hverfissjá sem verður hluti af þróunarklasa.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt
2	Kostnaðaráætlun endurgerð m.t.t skiptingu fjármagns og sent til verkefnaráðs (verkefnaskráarstjóra)
3	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir framleiðanda	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Annað

Myndavélaeftirlit í RVK

Hér þarf að taka afstöðu/ákvörðun. Erindið var tekið fyrir á verkefnaráðsfund 4.9.2023 og verkefnið kynnt. Þar var niðurstaða sú að fá pólitíska afstöðu og samþykkti borgarráð eftirfarandi:

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 16. október 2023, á borgarráðsfundi:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði ábyrgð á utanumhaldi og eftirliti með rafrænni vöktun öryggismyndavéla sem settar eru upp á vegum starfsstaða Reykjavíkurborgar. Fyrir liggur að ná þarf betur utan um og staðsetja allar öryggismyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar, útbúa verklagsreglur um notkun öryggismyndavéla í starfsemi borgarinnar ásamt því að skoða uppsetningu þeirra véla sem þegar eru til staðar m.t.t. netöryggis og persónuverndar. Þá þarf að skýra ábyrgð á, sem og eftirlit með notkun þeirra með tilliti til persónuverndar. Jafnframt þarf að skýra verklag og kröfur varðandi uppsetningu og kaup á nýjum öryggismyndavélum.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Sjá hér <https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarrad-fundur-nr-5720>

Í stuttu máli:

- Verkefnið felur í sér að komast að því hvar og hvernig öryggismyndavélar Reykjavíkurborgar eru uppsettar og samræma þær. Mikilvægt er að uppsetning og rekstur verði í samræmi við lög, reglur og kröfur.
- Fjármagn – ÞON er ekki að greiða fyrir myndavélar, sviðin sjálf greiða fyrir þær.

Óskað var eftir þá:

- Fjármagni fyrir verkefnastjóra, 1 stöðugildi í 2-3 mánuði
- Koma svo aftur fyrir verkefnaráð og kynna umfang næsta fasa

Umræður

- Verkefnið snýst um að ná utan um umfangið og mappa upp, koma svo aftur fyrir verkefnaráð með niðurstöðu og tillögur, það er skynsamleg nálgun að gera á markvissan og skipulagðan hátt. Borgarráð hefur úthlutað okkur verkefninu þannig að við þurfum að koma þessu hratt af stað.
- Hér er líklega um lagalegar kröfur að ræða og taka þarf tillit til þess við forgangsröðun.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt og fer í úthlutun til verkefnastofu. Koma þarf svo aftur fyrir verkefnaráð með niðurstöðu greiningar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt í úthlutun til verkefnastofu
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga ÞON	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra á UTR	EBB	x

Framtíð Azure – fasi 2

Óskað var eftir að tekið yrði fyrir umfjöllun hjá verkefnaráði sem fyrst þar sem ljóst er að þörf er á auka hlutfalli verkefnastjóra. Verkefni er í heild 10 mánuðir og nú er það rúmlega hálfnað og komið að fasa 2. Verkefnastjóri hefur verið 50% í verkefninu en nú er þörf á að það hlutfall fari upp í 100% síðustu 4 mánuðina ef möguleiki. Ekki má tefja þetta verkefni þar sem það er mikilvægt fyrir önnur verkefni.

Taka þarf tillit til þess hvaða verkefnastjóri mun leiða verkefnið og hvernig tímalínu verður háttáð. T.d lengja tímalínu ef verkefnastjóri getur eingöngu verið 50%, eða fá ráðgjafa á móti.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt

Nauðsynlegt verkefni og snýr að því að koma upp þróunar og rekstraumhverfi sem svarar þeim kröfum sem teymin okkar vilja hafa. Nauðsynlegt að hafa þetta á góðum stað svo það sé hægt að innleiða vörur í þjónustu. Það mun kosta okkur óþarfa fjármagn og vandræði ef við drögum úr þessu verkefni.

Nr.	Ákvörðun
1	Beiðni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefnis	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra á UTR	EBB	x

Umsjónarkerfi götulýsingar í RVK

Verkefninu var lokað í september s.l. Reikningar eru enn að koma inn á þetta verkefni og óljóst með að sé lokið.

Nánari upplýsingar um þetta verkefni:

Verkefnið var tekið fyrir á fundi verkefnaráðs 2.2.2023 og þar kemur þetta m.a fram:

Kostnaður við uppsetningu og innleiðingu er áætlaður um 3,9 milljónir + vsk. auk leyfisgjalda sem áætluð eru um 250 þúsund krónur + vsk á mánuði.

Tímalína : Kerfi þarf að fara í notkun fyrir 1. apríl 2023.

Niðurstaða verefningaráðs

Verkefni er samþykkt og úthlutað til verkefnastofu sem hefur umsjón með innleiðingu og aðlögun lausnarinnar MainManager að þörfum verkefnisins. Starfsmaður USK stýrir verkefninu og fær stuðning frá stafrænum leiðtoga og verkefnastofu eftir þörfum við framkvæmd. Verkefni skal sett í forgang. ÞON mun fjármagna fjárfestingu í formi viðbótarkaupa við gildandi samning RVK um MainManager. Rekstur lausnar verður gjaldfærður til USK svk. gjaldskrá ÞON.

8.3.2023 var tekin ákvörðun af verkefnastofu í samráði með stafrænum leiðtoga USK og teymisstjóra vörustjóra að verkefnið ætti frekar heima í vörustýringu í gegnum Main Manager. Verkefnaráð var búið að samþykkja verkefnið og það er kominn samningur við utanaðkomandi aðila til að sjá um innleiðingunni á vörunni. En það þarf einhvern til að vera með fyrsta samþykki fyrir fjármagnið sem fer í gegnum fjárfestingasjóðinn. Stafrænn leiðtogi USK er tilbúin að sjá um það á meðan að vörustjóri verður fenginn til að taka við Main Manager aftur.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Stafrænn leiðtogi USK (sem er nýtekinn við af fyrrum leiðtoga) mun skoða betur og fá innsýn inn í forsöguna og komast að því hvers vegna reikningar eru enn að berast og af hverju verkefninu er ekki lokið eins og talað var um í september s.l.

Nr.	Ákvörðun
1	Stafrænn leiðtogi USK skoðar betur málið
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK og teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB	x
2			

Forgangsröðun verkefna

Ef verkefnaráð tekur ákvörðun um að verkefni sé forgangsverkefni þá þarf að öllum líkindum að stoppa annað verkefni á meðan. Þetta er mjög mikilvægt og ljóst að það þarf að leggja áherslu á þetta og fylgja eftir.

Lagt til að bæta inn sem dagskrálið á næsta ári hjá verkefnaráði.

Í dag er verið að forgangsraða eftir fylki ÞON og hefur gengið vel. Hafin er vinna við að ítra og þróa fylkið.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 14. desember 2023.